

Fundur foreldrafélagsins með bekkjartenglum

Miðvikudagur 20.11.2024 kl. 19:30

Mættir voru: Rósa og Bertha frá foreldrafélaginu, Þóra Kristín 7. bekkur, María 1. og 5. bekkur, Anna Líska 3. bekkur, Helga 4. og 5. Bekkur og Linda 6. bekkur og frá foreldrafélaginu.

Farið var yfir eftirfarandi atriði og umræða tekin í hópnum:

- Hlutverk bekkjartengla
 - Leiðtogi eða verkstjóri innan foreldrahópsins í bekknum.
 - Tengiliðir við foreldrafélagið, umsjónarkennara og skólastjórnendur fyrir hönd foreldra í sínum bekk.
 - Skipuleggja viðburði nemenda OG foreldra 2-3 svar sinnum yfir skólaárið með áhugasvið barnanna í huga.
- Foreldrasáttmáli - samstarf heimilis og skóla
 - Foreldrasamstarf fór niður á við í Covid og enn er verið að vinna upp að ná því til baka – sterk foreldraheild er góð forvörn þegar kemur að hegðun og líðan barnanna okkar. Aðkall frá skólastjórnendum víða að úr þessu verði bætt í samvinnu við foreldrafélög og bekkjartengla.
 - Hvernig gert og hver gerir? Sjá gögn frá Heimili og skóla – efnið kynnt fyrir bekkjartenglum um fyrirkomulag og dæmi um foreldrasáttmála sýnt.
 - Facebook síður foreldra innan bekkjanna – hvernig notaðar? Sum staðar myndast dómharðar umræður en annars aðallega notaðar í að bjóða í afmæli, skipuleggja hittinga með börnum o.fl.
 - Hvernig gengur að ná til foreldra barna af erlendum uppruna? – reynist oft erfitt, sérstaklega þegar um börn á flótta um ræðir þar sem foreldrar hafa jafnvel ekki símanúmer eða svara ekki tölvupóstum eða taka þátt í umræðum í Facebook hópum. Tungumálaörðuleikar gera þetta oft flókið – getur reynst mikil vinna að ná á fólk. Fólk veigrar sér jafnvel við að hafa samband.
- Hugmyndir að viðburðum fyrir bekkjartengla
 - Góðar hugmyndir hér: <https://samfok.is/bekkjjarfulltruar/hugmyndabanki-bekkjjarfulltrua>
 - Passa þarf upp á kostnað! Foreldrafélagið ætti að geta hlaupið undir bagga ef fólk á erfitt með að taka þátt í einhverskonar viðburðum þar sem greiða
 - Lagt upp með að bekkjartenglar leggi áherslu á samveru barna OG foreldra.
 - Bekkjartenglar hvattir til að deila með sér hugmyndum á Facebook síðu bekkjartengla og sækja þaðan ráð og hvatningu frá öðrum bekkjartenglum.
 - Hugmynd að 1.-4. bekkur verði með sameiginlegt Halloween ball í skólanum. Félagsmiðstöðin nær að „covera“ þetta fyrir miðstigið. Bekkjartenglar tóku vel í þessa hugmynd.

- 6. bekkur – stefnt á að koma á hefð að þau sjái um páskabingóið sem fjáröflun í samstarfi við foreldra sína og umsjónarkennara. Fjáröflun fyrir ferð á Reyki í 7. bekk. Náðum að niðurgreiða hátt í 10 þúsund krónur á barn á síðasta skólaári. Styrkur frá foreldrafélaginu var 50 þúsund krónur sem var notaður í m.a. til að kaupa kaffi og lítil páskaegg sem allir þátttakendur fengu að loknu bingóinu. Spjöld og bingóvél lánuð úr Víðistaðaskóla.
- Auglýsingar fyrir foreldrafélagið (deila inn á FB síður foreldra í bekknum) og aðstoða á viðburðum ef með þarf.
- Önnur mál? Tekin ákvörðun um að boða til foreldrafundar í janúar og kynna foreldrasáttmála fyrir foreldrum og að hver bekkur undir stjórn bekkjartengja fari og geri sáttmála innan síns bekkjar. Gera í samstarfi við skólann. Athuga með að fá aðila frá Heimili og skóla til að sjá um kynninguna.

Fundi slitið kl. 20:30